

Bryndís Malla Elíðóttir

Á gleðidögum kirkjunnar verður kosið til kirkjuþings. Það er mikilvægt að sú gleði sem einkennir svo sterkt safnaðarstarfið í sóknum landsins nái einnig til kirkjuþings og yfirstjórnar kirkjunnar. Því gleðin gefur skapandi kraft og myndar samkennd og einingu, gefur kjark og hugrekki, auk vonar og styrks þegar á móti blæs. Gleðin kjarnar starf og þjónustu kirkjunnar sem boðar fagnaðarerindið í orði og verki og kirkjuþing verður einnig að finna þá gleði.

Ég hef notið þess mjög að sitja á kirkjuþingi síðasta kjörtímabil. Það var afar lærdómsríkt að sitja fyrsta þingið haustið 2018 og kynnast því hvernig störfum þingsins er háttað. Ég átti sæti í löggjafarnefnd og var varaformaður nefndarinnar á kjörtímabilinu en starfsreglur kirkjunnar hafa lengi verið mér hugleiknar. Það var ánægjulegt að starfa í löggjafarnefndinni og lagði ég áherslu á að vinnubrögð væru vönduð og sjónarmið allra virt og um leið leitast við að ná sem mestri sátt.

Auk þess hef ég setið í minni nefndum og starfshópum kirkjuþings. Ég starfaði í nefnd sem vann að undirbúningi nýrra þjóðkirkjulaga sem samþykkt voru á Alþingi og tóku gildi þann 1. júlí 2021. Um er að ræða einfalda og skýra rammalöggjöf en lengi hafði verið unnið að breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þessi sama nefnd vinnur nú að endurskoðun starfsreglna kirkjunnar í ljósi nýrra laga. Markmiðið er að einfalda þær reglur sem hægt er og tryggja að starfsreglurnar séu skýrar og veiti þá umgjörð sem þjónar starfi kirkjunnar. Þá var ég í nefnd sem vann að endurskoðun á starfsreglum um kjör til kirkjuþings og starfsreglum um kosningu til biskups Íslands og vígslubiskupa. Þessar starfsreglur voru samþykktar á síðasta kirkjuþingi.

Einnig vann ég, ásamt fleirum úr löggjafarnefndinni, nýjar starfsreglur um ráðningu í prestsstörf þar sem markmiðið var að tryggja faglega ráðningu út frá þarfagreiningu safnaðanna. Starfsreglurnar voru tvívegis sendar öllum sóknarnefndum landsins og tillit var tekið til athugasemda sem bárust. Ánægjulegt er að sjá hversu vel hefur gengið að starfa eftir þessum nýju reglum sem byggja að mörgu leyti á fyrri starfsreglum um valnefndir.

Kirkjuþing fer lögum samkvæmt með æðsta vald í málefnum kirkjunnar og með fjárhagsáætlun, stefnumörkun og starfsreglum skapar þingið þann ramma sem kirkjan starfar innan. Á síðasta kjörtímabili urðu miklar breytingar á fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju þegar viðbótarsamningur við kirkjujarðasamkomulagið var samþykktur og hafa afleidd áhrif samningsins verið margþætt. Einnig voru samþykktar veigamiklar skipulagsbreytingar þar sem þjónustu yfirstjórnarinnar var skipt upp í tvö ábyrgðarsvið, biskupsstofu og rekstrarstofu. Í umræðum um hið nýja skipulag hef ég lagt áherslu á að samstarf og samvinna einkenni starf þjónustumiðstöðvar kirkjunnar. Með því að leggja fram sameiginlegar starfsreglur fyrir biskupsstofu og rekstrarstofu vildum við, sem lögðum fram þessar starfsreglur, leggja áherslu á þessa mikilvægu einingu yfirstjórnarinnar. Enda vinna

allir sem starfa fyrir kirkjuna að sama marki, að efla og styrkja þá þjónustu sem kirkjan veitir og þá boðun sem birtist m.a. í helgihaldi kirkjunnar, skírnarfræðslu og kærleiksþjónustu hennar.

Fram undan eru fjölmargar áskoranir fyrir kirkjuna. Síðbreytilegt samfélag kallar til dæmis á endurmat ýmissa gilda og á kirkjan nú sem fyrr öflugt erindi inn í þá umræðu. Áskoranirnar eru einnig margar þegar kemur að fjárhagsstöðu kirkjunnar. Tryggja þarf að aðhald í fjármálum og þær hagræðingaraðgerðir sem fram undan eru séu unnar af gegnsæi og með þá skýru framtíðarsýn fyrir kirkjuna sem kom m.a. fram í stefnumótunarvinnunni á síðasta kjörtímabili. Standa þarf vörð um grunnþjónustu kirkjunnar og leita leiða til þess að efla hana enn frekar samhliða því að horfa til nauðsynlegra breytinga bæði út frá fjármálum og heildarskipulagi þjónustunnar.

Ég er þakklát fyrir að hafa fengið að þjóna kirkjunni í margvíslegum störfum allt frá því ég var vígð til þjónustu við Hjallakirkju í Kópavogi 12. febrúar 1995. Á árunum 1998-2005 var ég sóknarprestur Kirkjubæjarklaustursprestakalls en hef frá 2005 verið prestur í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra. Fyrstu árin var ég héraðsprestur með sérstakar skyldur við Breiðholtssöfnuð og hef nú síðustu ár þjónað Seljasöfnuði. Þann 1. apríl sl. var ég útnefnd sem prófastur Reykjavíkúrprófastsdæmis eystra.

Á árunum 2000-2004 átti ég sæti í stjórn Prestafélags Suðurlands og var í stjórn Prestafélags Íslands frá 2015 til 2021, fyrst sem ritari og síðar sem varaformaður. Þá var ég í ritstjórn Kirkjuritsins 2009-2011.

Ég hef sótt mér fjölbreytta endurmenntun í gegnum tíðina, m.a. á sviði sálfræði, guðfræði, sálgæslu og bókmennta og hef auk þess lokið grunnnámi í verkefnastjórnun. Í vor mun ég útskrifast úr diplómanámi á meistarastigi í sálgæslu á vegum Endurmenntunar HÍ.

Ég hef mikla trú á kirkjunni og þó breytingarferli fylgi oft ákveðin óvissa, þá gefast líka tækifæri til þess að sækja fram, endurskoða það sem betur má fara og bæta enn frekar það sem reynst hefur vel. Mér þætti mjög gaman að fá tækifæri til þess að vinna áfram að endurskoðun á starfsreglunum og fylgja eftir þeim breytingum innan kirkjunnar sem samþykktar voru á síðasta kjörtímabili. Þess vegna ákvað ég að gefa aftur kost á mér til kirkjuþings og er tilbúin að leggja mitt af mörkum og vinna af heilindum fáí ég til þess umboð. Kirkjan er öflug eining í fjölbreytileika sínum og það er einlæg von mín að með störfum mínum fyrir kirkjuþing megi ég leggja henni enn frekara lið.

Njótum gleðidaganna, nýtum kosningaréttinn og þjónum Drottni með gleði.